

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Sinfóníuhljómsveit æskunnar.

1. gr.

Stofnunin er sjálfseignarstofnun og heitir Sinfóníuhljómsveit æskunnar. Heimili hennar og varnarþing er í Reykjavík. Sinfóníuhljómsveit æskunnar er með sjálfstæðan fjárhag og lýtur sérstakri stjórn.

Stofnunin ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með stofnfé og þeim eignum sem hún kann að fá að gjöf eða eignast með öðrum hætti. Starfsár Sinfóníuhljómsveitar æskunnar er frá 1. janúar til 31. desember ár hvert.

2. gr.

Stofnfé Sinfóníuhljómsveitar æskunnar er 441.000 kr. sem þegar hefur verið greitt.

3. gr.

Markmið Sinfóníuhljómsveitar æskunnar er að gefa nemendum tónlistarskóla fjölbreytt tækifæri til að kynnast hljómsveitarverkum, íslenskum sem erlendum, afla sér reynslu í hljómsveitarleik í sinfóníuhljómsveit og að undirbúa sig svo sem kostur er fyrir atvinnumennsku í hljómsveitarleik.

Markmiðum sínum hyggst Sinfóníuhljómsveit æskunnar m.a. ná fram með eftirfarandi hætti:

- a. Með a.m.k. tveimur hljómsveitarnámskeiðum á ári, sem spanni sem fjölbreytilegast svið tónbókmenntanna. Námskeiðin skulu standa yfir í um það bil 2 vikur hvert.
- b. Með tónleikahaldi í lok hvers námskeiðs.
- c. Með samstarfi og þátttöku í verkefnum Sinfóníuhljómsveitar Íslands eða annarra hljómsveita.
- d. Með þátttöku Sinfóníuhljómsveitar æskunnar í alþjóðlegu samstarfi sem byggist m.a. á þátttöku einstaklinga, hópa eða fullskipaðrar hljómsveitar í námskeiðum og/eða tónleikahaldi hérlendis sem erlendis. Einnig verði erlendum tónlistarnemum gefinn kostur á að taka þátt í starfi Sinfóníuhljómsveitar æskunnar.
- e. Með hljóðritunum til flutnings í ljósvakamiðlum eða til útgáfu.

4. gr.

Sinfóníuhljómsveit æskunnar er opin öllum tónlistarnemendum landsins, sem náð hafa lágmarksárangri á ljóðfæri sitt að mati hljómsveitarstjóra. Þátttaka nemenda miðast við hvert námskeið og sækja þeir um aðild sérstaklega hverju sinni að höfðu samráði við kennara sinn. Ef hljómsveitarstjóri æskir þess skulu nemendur taka þátt í hæfnisprófi (prufuspili). Ef ekki tekst að fullskipa hljómsveitina með nemendum hefur hljómsveitarstjóri í samráði við framkvæmdastjóra heimild til að fylla auð sæti með öðrum hljóðfæraleikurum, hvort heldur er áhuga- eða atvinnumönnum.

5. gr.

Í stjórn Sinfóníuhljómsveitar æskunnar sitja þrjú menn til tveggja ára í senn. Einn skal skipaður af Samtökum tónlistarskólalastjóra, annar af Tónlistarráði Íslands og sé hann tónskald eða tónlistarflytjandi og þriðji af menntamálaráðherra. Stjórnin kys sér formann.

6. gr.

Stjórn Sinfóníuhljómsveitar æskunnar ber að vinna að markmiðum hljómsveitarinnar og kemur fram fyrir hennar hönd gagnvart þeim sem veita henni fjárhagslegan stuðning. Hún ber ábyrgð á því að staðið sé við fjárhagsáætlun, hefur umsjón með rekstri og fjárhag stofnunarinnar.

7. gr.

Stjórn hljómsveitarinnar ræður aðalhljómsveitarstjóra og gestastjórnendur og skiptir stjórnin verkum með þeim. Aðalhljómsveitarstjóri gerir tillögur til stjórnar um gesta-
stjórnendur. Aðalhljómsveitarstjóri fer með listræna stjórn hljómsveitarinnar.

Aðalhljómsveitarstjóri skal leggja tillögur að starfsáætlun og heildarverkefnavali fyrir stjórnina til samþykktar eigi síðar en 9 mánuðum fyrir upphaf hvers starfsárs. Einnig skal hann leggja fram áætlun yfir leiðbeinendur á hverju námskeiði og fjölda hljóðfæra-
leikara ásamt hljóðfæraskipan í hverju verki. Tillögur aðalhljómsveitarstjóra eru háðar samþykki stjórnar hvað varðar fjárhagslegan ramma starfseminnar. Miða skal við að tímasetning námskeiða falli sem best að starfi tónlistarskólanna.

8. gr.

Stjórn Sinfóníuhljómsveitar æskunnar ræður framkvæmdastjóra að höfðu samráði við aðalhljómsveitarstjóra. Framkvæmdastjóri fer með daglegan rekstur og stjórn fjármála Sinfóníuhljómsveitar æskunnar í umboði stjórnar. Hann undirbýr fjárhagsáætlun fyrir næsta starfsár, sem skal lögð fyrir stjórnina eigi síðar en 1. maí ár hvert. Framkvæmdastjóri vinnur að fjáröflun og annast reikningsskil. Framkvæmdastjóri aðstoðar aðalhljómsveitarstjóra við undirbúning og skipulagningu námskeiða og tónleika og aðstoðar hljómsveitarstjóra á meðan á námskeiðum stendur.

9. gr.

Tekjur Sinfóníuhljómsveitar æskunnar eru opinber framlög frá ríki og sveitarfélögum, þátttökugjöld frá tónlistarskólum og nemendum á námskeiðum, tekjur af miðasölu og upptökum auk frjálsra framlaga frá einstaklingum, fyrirtækjum og samtökum og annars aflafjár. Tekjum og eignum Sinfóníuhljómsveitar æskunnar má einvörðungu verja í þeim tilgangi sem samrýmist markmiðum stofnunarinnar.

10. gr.

Reikningsár hljómsveitarinnar er frá 1. janúar til 31. desember ár hvert. Framkvæmdastjóri skal í fyrstu viku marsmánaðar leggja eftirfarandi gögn fyrir stjórn Sinfóníuhljómsveitar æskunnar til afgreiðslu:

- a. Skýrslu um starfsemi síðasta starfsárs.
- b. Endurskoðaðan ársreikning liðins starfsárs.

Reikningar Sinfóníuhljómsveitar æskunnar skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda, sem skipaður er af stjórn til a.m.k. tveggja ára í senn. Endurskoðaðir reikningar skulu sendir Ríkisendurskoðun eigi síðar en 30. júní ár hvert fyrir næst liðið ár ásamt skýrslu um hvernig fé stofnunarinnar hefur verið ráðstafað á því ári.

11. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari. Skipulagsskránni verður aðeins breytt með samþykki allra stjórnarmanna og skulu þær hljóta staðfestingu dómsmálaráðherra.

Verði starfsemi Sinfóníuhljómsveitar æskunnar hætt og stofnunin lögð niður skulu

eignir hennar renna til eflingar tónlistarlífs í landinu. Menntamálaráðherra skipar sérstaka nefnd þriggja manna, sem hafa staðgóða þekkingu á íslensku tónlistarlífi, sem gerir tillögur til menntamálaráðherra um hvernig fjármunum og eignum stofnunarinnar verði best varið í því skyni.

Bráðabirgðaákvæði.

Fyrsta tilnefning í stjórn skal fara fram innan mánaðar frá því að skipulagsskrá þessi er staðfest og lætur núverandi stjórn Sinfóníuhljómsveitar æskunnar þá af störfum. Fyrsta stjórnin sem starfar samkvæmt þessari skipulagsskrá skal sitja til 31. desember 1996.

Reykjavík, 12. apríl 1994.

F.h. fráfarandi stjórnar
Sinfóníuhljómsveitar æskunnar,

F.h. menntamálaráðuneytisins,

Halldór Haraldsson,
Runólfur Birgir Leifsson,
Gunnar Gunnarsson.

Ólafur G. Einarsson menntamálaráðherra.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 10. júní 1994.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Jón Thors.

REGLUGERÐ

**um að aflétta friðun svartbaks,
sílamáfs, silfuramáfs og hrafns.**

1. gr.

Friðun svartbaks, sílamáfs, silfuramáfs og hrafns er aflétt allt árið.

2. gr.

Við veiðar á þessum fuglum má eingöngu nota skotvopn sem úr má skjóta frihendis frá öxl. Óheimilt er að nota haglabyssu með hlaupvídd stærri en nr. 12

3. gr.

Reglugerð þessi sem sett er með heimild í 17. gr. laga nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum öðlast gildi 1. júlí nk.

Umhverfisstofnun, 20. júní 1994.

Össur Skarphéðinsson.

Magnús Jóhannesson.